

Menning

Menning

Menning



Otemjan.

Ljósmynd. GBK.

Myndlist

Gunnar Kvaran


EINAR HÁKONARSON Á KJAR- VALS- STÖÐUM

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir Einar Hákonarson. Sýnir hann 79 olíumálverk og 89 grafíkverk. Sýningunni lýkur 20. maí.

Fígúrir

Nú eru senn liðin 20 ár síðan Einar Hákonarson kom fram á sjónarsviðið með endurnýjaða sýn á fígúruna í íslensku málverki. Á þessum tíma hafa orðið töluverðar breytingar í málverki Einars, bæði hvað varðar inntak og myndgerð. En þrátt fyrir ytri breytingar má glögg merkja ákveðinn stöðugleika í málverki listamannsins, sem byggir á hefðbundnum gildum og agaðri sýn.

Einar Hákonarson hefur verið expressionisti frá fyrstu tíð, og fram til skamms tíma hafa málverk hans einkennst af sterkri og kraftmikilli línu, byggingu umhverfis liti og form. Málverkin gerðust í teikningunni, línuspíli og hrynjandi og hröðum vinnuáferðum. Líkt og nýjustu myndirnar hér á sýningunni gefa til kynna stendur listamaðurinn nú á tímamótum. Hann hefur dregið úr gildi línunnar og leggur meiri áherslu á litinn, málár frjálst og dýnamískt þannig að við merkjum vel djúpa tilfinningalega hlutdeild listamannsins. Myndirnar virka



Skáldið bíður eftir andagift

mikið unnar og myndræni möguleikar eru nú nýttir til hins ýtrasta. (Sjá sérstaklega: Skáldið bíður eftir andagift og Otemjan.)

Nýtt inntak

Það er greinilegt að listamaðurinn hefur kunnað að endurmeta málverkið og fundið nýja, óvænta möguleika í opnari meðförum litarins. Með því að „teikna“ með litnum hefur listamaðurinn breytt eðli málverksins, samtímis sem myndefnið — fígúran — hefur öðlast annað og nýtt inntak. Fígúran hefur nú eignast meiri sálfræðilega þykkt, innri möguleika sem ekki voru til staðar í fyrri verkum listamannsins. Það er nú sem Einar máli á dýptina og áhorfendur skynja beinni tilfinningalegri tengsl listamannsins við efnið, litinn og línuna.

Þó svo að segja megi að málverk listamannsins hafi mildast í lit, er þó

að finna hér á sýningunni myndir sem lýsa dirfsku og áráði í meðferð lita, sem sjaldséd er í íslensku málverki. (Sjá myndir no. 17 og no 19.)

Grafík

A sýningunni gefur einnig að líta 89 grafíkverk sem spanna 20 ára feril listamannsins. Einar hefur algera sérstöðu í íslenskri grafík bæði hvað varðar fagleg vinnubrögð og myndræna úrvinnslu. Í grafíkverkunum kemur einkar vel í ljós teiknisnilli listamannsins jafnframt sem þau lýsa vel myndrænu samhengi í list Einars.

Ljóst er að þessi umfangsmikla sýning er merkur áfangi á listferli Einars. Honum hefur tekist að opna málverkið og finna nýja leið og möguleika í eigin myndskrift og stíl. Þessi sýning er ekki aðeins persónulegur sigur yfir listamanninn heldur eftirtæktarverður listviðburður.

ÚTBOÐ

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu II á Vesturlandi. (14.000 m³)

Verkinu skal lokið 30. ágúst 1984.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins í Reykjavík og í Borgarnesi frá og með 21. maí nk.

Skila skal tilboðum fyrir kl. 14.00 þann 4. júní 1984.

VEGAMÁLASTJÓRI.


KVARTMÍLUKEPPNI



Kvartmílukeppni verður haldin laugardaginn 19. maí kl. 14.00 á kvartmílubrautinni við Álveríð í Straumsvík. Nýir, mjög sprækir, bílar og mótórhjól, nýtt keppnisform.

KVARTMÍLUKLÚBBURINN.

CANNON-VÖRURNAR STUÐLA AÐ VELFERÐ BARNINS



Skoðið CANNON-barnavörurnar í næstu lyfjaverslun.

CANNON


TAKIÐ EFTIR

Höfum tekið að okkur sölu á ofnum fyrir PANELOFNA hf., Kópavogi.

Gerum tilboð samkvæmt teikningum yður að kostnaðarlausu.

Sími sölumanns er 28693.

Einstakir greiðsluskilmálar á öllum byggingarvörum. Allt niður í 20% útborgun og lánstími allt að sex mánuðum.



PANELOFNAR HF.



BYGGINGAVÖRUR

Byggingavörur . . . 28-600 Harðvíðarsala 28-604 Sölustjóri . 28-693
Gólfteppi 28-603 Málningarvörur og verkfæri . 28-605 Skrifstofa. 28-620
Flisar- og hreinlætistæki . . . 28-430

HRINGBRAUT 120 (Aðkeyrsla frá Sólvallagötu)